STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 2003

18. júlí 2003 1821 Nr. 567

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 3. ágúst til og með 16. ágúst 2003 verði 10% af dilkum. Frá og með 17. ágúst til og með 31. ágúst 2003 verði útflutningshlutfallið 17%. Fyrir sömu tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. júlí 2003.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

Stjórnartíðindi B 87, nr. 567. Útgáfudagur 21. júlí 2003.

Gutenberg